

Kennsludagar 2026: Samtal um kennslu í forgrunni

Á nýliðnum Kennsludögum Kennsluakademíu opinberu háskólanna og Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands var boðið upp á fjölbreytta dagskrá þar sem kennsla, þróun og samtal voru í brennidepli. Viðburðirnir voru skipulagðir með það að markmiði að ná til alls háskólasamfélagsins, kennara, nemenda og starfsfólks og þannig skapa vettvang fyrir samtal um kennslu á háskólastigi.

Kennsludagarnir voru skipulagðir af nokkrum meðlimum Kennsluakademíunnar þeim Guðmundi Ævari Oddssyni við Háskólann á Akureyri, Guðrúnu Geirsdóttur og Rannveigu Sverrisdóttur við Háskóla Íslands.

Dagskráin einkenndist af opnum viðburðum þar sem allir gátu tekið þátt, hvort sem um var að ræða vinnustofur, fyrirlestra eða umræðufundi. Einnig voru skipulagðir smærri staðviðburðir. Þátttakendum gafst kostur á að kynnast nýjum nálgunum í kennslu, deila reynslu og efla tengsl þvert á svið og opinbera háskóla.

Þing Hugvísindasviðs markaði upphaf kennsludaga þar sem kennarar af sviðinu í Kennsluakademíunni skipulögðu málstofu um kennsluþróun í hugvísindum þar sem fjölbreytileikanum var fagnað.

Sérstakir gestir kennsludaganna var fræðafólkið Steven Mintz, prófessor í sagnfræði við Texas-háskóla, og Áse Nygren, kennsluþróunarstjóri við háskólana í Blekinge og Malmö.

Steven Mintz hélt erindi um umbreytandi kennslu (e. transformative teaching) og þróun háskólanáms.

Áse Nygren hélt nokkur erindi þar sem hún fjallaði meðal annars um fræðimennsku í námi og kennslu (SoTL), kynnti rannsóknarniðurstöður um notkun nemenda á gervigreind, ræddi viðurkenningarkerfi háskóla og hélt erindi um gildi kennsluþróunar.

Tveir meðlimir Kennsluakademíunnar buðu til opinna fyrirlestra. Helga Ingimundardóttir á Verkfræði- og náttúruvísindasviði fjallaði um tengingu náms og atvinnulífs í verkfræðikennslu og Guðrún Dröfn Whitehead sagði frá þróun fjarnáms í safnafræði og sveigjanlegum kennsluháttum. Magnús Smárason við Háskólann á Akureyri hélt fyrirlestur um gervigreind og áskoranir í tengslum við hana er kemur að gagnrýnni hugsun.

Einnig var boðið upp á fjölbreytta staðviðburði þar sem einstök svið og skólar mótuðu dagskrá út frá eigin áherslum og starfsemi með nemendum í forgrunni. Meðal viðburða var vinnustofa við Háskólann á Akureyri um eflingu nemendamiðaðrar háskólakennslu, haldin af meðlimum Kennsluakademíunnar þar. Þar var sjónum beint að leiðum til að styrkja þátttöku og ábyrgð nemenda í eigin námi.

Meðlimir Kennsluakademíunnar á Hugvísindasviði buðu nemendum til samtals undir yfirskriftinni „Uppáhaldsnámskeiðið mitt“, þar sem nemendur deildu reynslu sinni af

námskeiðum sem höfðu haft sérstök áhrif á þá og vakið áhuga. Á Heilbrigðisvísindasviði buðu meðlimir í Lyfjafræðideild upp á afslappað „Kennsluspjall við nemendur“ í Haga, þar sem nemendur gátu rætt nám sitt og kennslu í óformlegu umhverfi. Kennarar Landbúnaðarháskólans stóðu fyrir hádegisspjalli um kennslu sem spannaði þrjá daga. Þá var einnig haldin vinnustofa fyrir meðlimi Kennsluakademíunnar á vegum kennslupróunarstjóra Háskóla Íslands um hæfniramma háskólakennslu sem heppnaðist afar vel en þar fór fram gagnleg vinna um gæði kennslu á háskólastigi.

Kennsludagar 2026 sýndu skýrt hversu mikilvægt það er að skapa sameiginlegan vettvang fyrir samtal um kennslu. Þeir endurspeгла aukna áherslu á gæði kennslu þar sem leitast er við að efla kennsluhætti sem styðja við árangursríkt nám á háskólastigi.